

Starf safnsins 2009 - stiklað á stóru



Hlutverk

Víkin – Sjóminjasafnið í Reykjavík skal safna, varðveita og rannsaka minjar tengdar sjó og sjómennsku sem einkanlega hafa gildi fyrir sögu Reykjavíkur. Einnig er safninu ætlað að kynna þessar minjar, með sýningum og öðrum hætti, á aðgengilegan hátt fyrir borgarbúum og öðrum gestum safnsins. Þá er safninu ætlað að auka þekkingu og skilning almennings á sambúð manns og sjávar frá upphafi byggðar til nútímans.

Óskabarn þjóðarinnar

Þann 17. janúar var opnuð sýning í Sjóminjasafninu í tilefni af 95 ára afmæli Eimskipafélags Íslands. Jafnframt var haldið upp á afmæli félagsins í Víkinni og var m.a. öllum starfsmönnum boðið í hóf í safninu. Sýningin var sett upp í samvinnu við Eimskip og voru á sýningunni ýmsir munir úr sögu Eimskipafélagsins, skipalíkön og myndir. Á sýningunni mátti jafnframt sjá hin þekktu dagatöl Eimskipafélagsins, sem félagið hefur gefið út í rúm 80 ár, nánast samfellt.



Frábær safnanótt

Safnanótt, sem haldin var 13. febrúar, heppnaðist með eindæmum vel. Aðsókn var mjög góð en um 900 manns heimsóttu Víkina. Veðrið var einstaklega gott og fjölbreytt dagskrá höfðaði til allra aldurshópa. Þemað í ár var draugar og sjóræningjar og voru m.a. leiðsagnir um sýningar safnsins og varðskipið í myrkri með vasaljós.



Veruleg fjölgun í heimsóknum skólabarna

Veruleg aukning varð í heimsóknum skólabarna á síðasta vetri. Skólakrakkar á öllum aldri voru daglegir gestir vikum saman og fengu leiðsögn um safn og varðskip. Mestu lukkuna vöktu fiskarnir í Bryggjusalnum og einng að fá að borða nestið um borð í varðskipinu.




Hátíð hafsins – safnið stækkar og fjölgar sýningum

Hátíð hafsins fór fram helgina 6. - 7. júní og fékk safnið sérlega góðar viðtökur. Hátíðarhöldin voru flutt af Miðbakka yfir á Grandagarð, þar sem Sjóminjasafnið var sannkallaður miðpunktur hátíðarhaldanna. Aðsókn var mikil að safninu, en um 500 gestir heimsóttu safnið og fóru um borð í Óðin á tveimur dögum.



Á þessum tímamótum tók Sjóminjasafnið í notkun tvo nýja sali, samtals um 500 fm, þar sem búið er að setja upp tvær sýningar og nýtt Safnkaffi. Frá árinu 2005 hefur því sýningarými safnsins stækkað úr 300 fm í 1.200 fm á þessu ári. Í sumari voru 7 sýningar í safninu, auk varðskipsins Óðins og dráttarbátsins Magna, sem reyndar bíður viðgerða til að verða fyllilega sýningarhæfur. Í Safnkaffinu var boðið upp á ljúffengar kökur og smurt brauð til sölu, sem vakti mikla lukku.

Aðsókn 2005 – 2009



Sýningar

Unnið var áfram að frekari þróun fastasýningar á 2. hæð safnsins um sögu sjávarútvegs í Reykjavík, frá árabátum til fjölveiðiskipa, undir yfirskriftinni **Frá örbirgð til allsnægta**.

Opnuð var ný sýning á Hátíð hafsins 6. júní um **segl og seglagerð** á tímum árabáta og skútualdar.


Í Móttökunni gaf að líta þróun kaupsiglinga frá upphafi 20. aldar til nútímans. Í Bryggjusal var áfram sýning tileinkuð fyrstu framkvæmdum vö hafnargerð í Reykjavík.

Einnig var sett upp ljósmyndasýning í nýjum sal neðri hæðar um fiskvinnslu á vegum Bæjarútgerðar Reykjavíkur, sem lengst af starfaði í núverandi húsnæði Víkurinnar.

Í Verbúðinni var sett upp ljósmyndasýning frá Byggðasafni Hafnarfjarðar um 100 ára sögu Hafnarfjarðarhafnar og þar var einnig sýnd kvikmynd Ásgeirs Long um saltfisktúr á Júlí GK árið 1950.

Þá var opnuð sýning í Hornsílinu á verkum Íslenska bútasamsfélagsins sem bar yfirskriftina **Hafið**.

Þann 29. september var opnuð ný sýning í Betri stofunni sem kallast **Snemma beygist krókurinn**, yfirlitsýning á verkum Bjarna Jónssonar listmálara. Sýningin var sett upp í tilefni af því að Bjarni hefði orðið 75 ára 15. september s.l. Í Verbúðinni voru settar upp þjóðháttamyndir Bjarna, sem eru í eigu Þjóðminjasafns Íslands.



Framkvæmdir utanhúss

Á árinu hefur verið unnið stöðugt að klæðningu hússins og er verkið nú nánast fullklárað.

Á næsta ári verður lögð ný gangstétt umhverfis húsið með hellulögðu torgi framan við inngang safnsins, sem mun gera aðkomuna ennþá skemmtilegri.

Þá standa nú yfir framkvæmdir við nýjan og glæsilegan bryggjupall utan við inngang safnsins hafnarmegin, sem mun verða safninu mikil lyftistöng.

Í sumarbyrjun fékk safnið nýtt og stærra húsnæði undir geymslur safnsins og hefur safnkosturinn því verið fluttur í rýmra og betra geymsluhúsnæði. Þar þarf að innrétta og bæta öryggi húsnæðisins.

